

MATVÆLAIÐNAÐURINN - STÆRSTA ATVINNUGREININ?

Velta íslenska matvælaiðnaðarins og matvælafyrirtækja, sem eru í eigu Íslendinga utan Íslands, samsvarar rösklega þúsund milljörðum íslenskra króna. Engin vestræn þjóð hefur jafn mikil umsvif í matvælaiðnaði miðað við höfðatölu og engin önnur íslensk atvinnugrein hefur jafn víðtæk ítök í alþjóðlegum iðnaði eins og matvælaiðnaðurinn. Fáar íslenskar vörur eru þó þekktar erlendis og ímynd Íslands sem matvælalands er ekki afgerandi. Ýmislegt bendir til þess að við getum gert betur í stefnumörkun og samstarfi á þessu sviði.

Breytingar á neysluhegðun fólks á Vesturlöndum eru nú hraðari en nokkru sinni. Neytendur vilja vita meira um þann mat sem þeir kaupa; hvaðan hann kemur, innihald hans og áhrif á heilsu. Þetta má vel sjá í nýjum greinum matvælaiðnaðarins sem verða stöðugt fyrirferðameiri en þekktust varla fyrir 5–7 árum. Á sama tíma hefur áhugi neytenda á mat sem lífsnautn og upplifun aukist og vinsældir lítilla vörumerkja á kostnað stórra aukast. Þá hafa matar- og bændamarkaðir orðið vinsælli. Bein eða beinni tenging við framleiðendur er krafa neytenda. Sé markmið íslenskra fyrirtækja að efla útflutning matvæla kunna mikil tækifæri að vera til staðar samfara þeim nýju straumum og stefnum sem nú ríkja á neytendamörkuðum. Þessar nýju áherslur henta sumpart Íslandi afar vel.

Matvælaiðnað má skilgreina sem alla þá starfsemi sem tengist matvælum, hvort sem er framleiðsla eða framreiðsla á matvælum, veiðar og vinnsla eða framleiðsla á tæknibúnaði fyrir matvælaiðnaðinn. Helstu greinar matvælaiðnaðarins hérlendis eru sjávarútvegur og fiskvinnsla, landbúnaður, fiskeldi, tæknibúnaður fyrir matvælaiðnaðinn og annar matvælaiðnaður eins og drykkjarvörur, sælgæti, brauðgerð og fleira.

350 MILLJARÐAR Í ÚTFLUTNINGSTEKJUR EN ENN MEIRI VELTA ERLENDIS

Aðal uppistaðan í matvælaiðnaðinum hérlendis er sjávarútvegurinn en útflutningsverðmæti hans nam tæplega 270 milljörðum árið 2015. Áætluð velta matvælatæknifyrirtækja innanlands er um 70–80 milljarðar króna og nemur útflutningur 80–85%. Velta í fiskeldi eykst hröðum skrefum. Ætla má að vöxtur í þessari grein verði einna mestur innan matvælaiðnaðarins á næstu árum. Þá eru fjölmörg innlend matvælafyrirtæki enn ótalin en flest þeirra

sinna fyrst og fremst innanlandsmarkaði. Fjöldi starfsmanna í kjarnastarfsemi þeirra greina sem hér eru nefndar er um 17–18 þúsund. Flestar þær greinar sem nefndar eru hér að framan flytja út bróðurpart framleiðslunnar. Ætla má að gjaldeyristekjur matvælaiðnaðarins (í þeim flokkum sem hér eru skoðaðir) séu rösklega 350 milljarðar króna.

Þá má nefna að Íslendingar eru aðilar að ýmsum fyrirtækjum sem tengjast matvælaiðnaði í öðrum löndum. Má þar nefna fiskréttaverksmiðjur, sjávarútvegsfyrirtæki, matvælaframleiðslufyrirtæki, matvælatæknifyrirtæki, skyrframleiðsla, fiskþurrkun o.fl. Stærst á þessum lista eru Bakkavör og Marel. Þar á eftir koma fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskvinnslu, sem Íslendingar eiga erlendis. Velta þessara stærstu fyrirtækja er á bilinu 550–600 milljarðar króna.

Eftir skoðun á hlutfalli stærstu matvælagreina í flestum vestrænum ríkjum má fullyrða að engin önnur vestræn þjóð sé með jafn hátt hlutfall útflutningsstarfsemi af heildarútflutningi sem tengist matvælum eins og Íslendingar. Matvælaiðnaðurinn er því sannarlega risi en sumpart svo stór og nálægt okkur að hann hefur ekki verið áberandi í umræðunni. Helst hefur umræðan um matvælaiðnaðinn hérlendis snúist um aðgang að takmörkuðum auðlindum, ríkisstyrki og einokun. Öll þessi umræða á rétt á sér en það er líka æskilegt að breikka umræðuna og ræða m.a. um hversu stór matvælaiðnaðurinn er orðinn, hversu mikil tækifæri geta falist í útflutningi á tilbúnum vörum í stað stórpakkinga, hve lítil sýklalyfjanotkun er í landinu og að á Íslandi er meiri sjálfbær vottun í veiðum en hjá nokkru öðru landi.

Á myndinni hér til hægri má sjá áætlaða veltu helstu greina matvælaíðnaðarins (Sjávarklasinn og Samtök íðnaðarins, 2015).

Í hópi matarfrumkvöðla og tæknifyrirtækja í matvælagreinum hérlendis eru mörkin á milli ólíkra matvælagreina sumpart að þurrkast út. Tæknifyrirtækin sinna öllum greinum matvæla og frumkvöðlar þróa vörur í kjöti einn daginn yfir í fisk eða grænmeti þann næsta. Segja má að kerfið í kringum þessa kraftmiklu hópa fylgi þeim ekki eftir; hagsmunasamtökin fylgja þrengri línun og stjórnkerfið allt sömuleiðis. Enn fær Sjávarklasinn þau svör á sumum stöðum að ekki sé ljóst hvort tiltekið frumkvöðlafyrirtæki teljist til landbúnaðar eða sjávarútvegs – og verst er þegar þau teljast vera á einskismannslandi.

Tilraunir eins og samstarf stofnana í Matvælalandinu Íslandi og verkefni ríkisstjórnarinnar um Matarauð Íslands eru góðra gjalda verðar en meira þarf til.

Í fyrsta lagi þarf að leggjast í meiri greiningarvinnu í sambandi við allan matvælageirann hérlendis. Í þessum efnum eru góðar fyrirmyndir frá nágrönnum okkar í Danmörku þar sem mikil tölfraedi hefur verið unnin um matvælageirann. Í dönskum gögnum má lesa um m.a. heildarstærð alls matvælageirans, vöxt hans, helstu útflutningslönd, helstu hindranir, fjárfestingar danskra matvælaframleiðenda erlendis o.sfrv. Og auðvitað er í fararbroddi þeirrar vinnu skýr stefna danska matvælaíðnaðarins: „Danmörk verður leiðandi í framleiðslu og þróun í matvælaframleiðslu og rekstri matvælafyrirtækja innanlands sem utan og Danmörk verður í fremstu röð í þróun og framleiðslu á næringarríkum og heilsusamlegum matvælum.“

Í þeim dönsku gögnum sem hér er vitnað í má meðal annars sjá að mestur vöxtur í fjárfestingum og útflutningi danska matvælaíðnaðarins er til Asíu. Íslendingar hafa lítið gert á í markaðssetningu- og sölu matvæla á þessum svæðum á meðan flestar Norðurlandabjórarnar hafa unnið markvisst á því sviði.

Í öðru lagi þarf að efla enn frekar samstarf um markaðssetningu og ímyndarvinnu í tengslum við íslensk matvæli. Íslensk ímynd og vörumerki eiga að verða meira áberandi á erlendum mörkuðum. Við höfum magnaða sögu að segja af sýklalausum landbúnaði, hreinu landi og sjó og sjálfbærum veiðum. Hér eru mikil tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar. Um þetta hafa fyrri greiningar Sjávarklasans fjallað nokkuð ítarlega.

HEILDARVELTA ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA Í MATVÆLAIÐNAÐI OG MATVÆLATÆKNI



Tæknigeiri

Heildarlausnir í matvælaíðnaði (100 ma. kr.)

Dæmi: Marel

Tæknipjónusta og málmsmíði (10 ma. kr.)

Dæmi: Vélsmiðja Suðurlands, Stáltech

Sérhæfðar lausnir (140 ma. kr.)

Stærri fyrirtæki
Dæmi: Samey, Kælismiðjan Frost, Vaki

Minni fyrirtæki
Dæmi: Thorlce, D-SAN, SteinCo



Matvælaíðnaður

Matvælaframleiðsla til útflutnings (285 ma. kr.)

Fiskvinnsla Sérframleiðsla

Matvælaframleiðsla til sölu innanlands (180 ma. kr.)

Mjólkuriðnaður
Kjötiðnaður
Sælgætisiðnaður
Drykkjarvöruíðnaður
Niðursuðuverksmiðjur
Þurrvara
Ýmis matvælaíðnaður

Í þessu sambandi getur samstarf þvert á ólíkar matvælagreinar gagnast vel. Svona verkefni er stórt í sniðum og kallar á samstarf opinberra aðila og alls matvælageirans. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hefur talað fyrir auknu samstarfi atvinnuís og utanríkisþjónustu við kynningu á Íslandi. Fyrirmyndir af ímyndarvinnu á sviði matvæla má finna hjá ýmsum löndum sem við berum okkur saman við eins og Norðurlandabjórðunum.

Mikilvægt er að taka málefni íslenska matvælaíðnaðarins traustum tókum á næstu misserum. Þar þarf ekki einungis pólitíska forystu og skýra sýn heldur eins konar samvinnuhreyfingu – eða klasavinnu – þar sem allir partar í virðiskeðju greinarinnar eru leiddir saman.

Nánari upplýsingar veita Þór Sigfússon og Berta Danielsdóttir hjá Íslenska sjávarklasanum í síma 5776200.